



Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
804 Selfoss
Vt. Haraldur Þór Jónsson

024.1/GG

Efni: Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2023

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf., kt. 511094-2249, verður haldinn **fimmtudaginn 17. ágúst 2023 á Grand Hótelu við Sigtún 38 í Reykjavík (fundarsalur Útgarður á 13. hæð)** og hefst kl. **15.30**.

Dagskrá fundarins verður sem hér segir:

1. Setning.
2. Kjör fundarstjóra.
3. Könnun á mætingu hluthafa og umboðsmanna þeirra á fundi.
4. Kjör fundarritara.
5. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á árinu 2022.
6. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2022 kynntur og lagður fram til samþykktar.
7. Ákvörðun um meðferð hagnaðar.
8. Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda.
9. Kjör stjórnar og varamanna.
10. Kjör endurskoðanda.
11. Önnur mál.

Tillögur sem hluthafar vilja leggja fyrir fundinn þurfa að hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en kl. 12.00 fimmtudaginn 10. ágúst 2023 og skulu þær sendar á skrifstofu félagsins. Ársreikningur félagsins og tillögur þær sem fyrir fundinum liggja verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins í eina viku fyrir fundinn. Með bréfi þessu fylgir eyðublað fyrir umboð til setu á aðalfundinum sem óskast útfyllt og send í tölvupósti eða framvísað á aðalfundinum.

Reykjavík, 4. ágúst 2023
Fyrir hönd stjórnar Vottunarstofunnar Túns ehf.

Gunnar Á. Gunnarsson